

SÉRTÆK STARFSSKILYRÐI

fyrir jarðbor undir 1 MW

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

1 Gildissvið og almenn ákvæði

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir jarðbora með aflþörf undir 1 MW ásamt tilheyrandi búnaði, þar með talið rafstöðvar, loftpressur, kælipressur og olíugeyma. Að auki gilda almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi eins og við á.

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framur starfsskilyrðum.

1.1 Reglufylgni

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.¹

2 Tilkynningarskylda vegna færarlegrar starfsemi

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um fyrirhugaða jarðborun að jafnaði eigi síðar en fjórum vikum fyrir áætlað upphaf verks. Í tilkynningu skal koma fram:

- Nafn, kennitala, heimilisfang og tölvupóstfang rekstraraðila.
- Nafn, símanúmer og tölvupóstfang tengiliðs verks.
- Heiti og/eða auðkenni tækis sem notað er við framkvæmdina.
- Tegund verks.
- Staðsetning verks (GPS hnit og lýsing) og eftir atvikum yfirlitsmynd.
- Upphaf verks og áætluð verklok.
- Áætlað magn olíuefna sem notuð verða við verkið.
- Listi yfir önnur efni sem notuð verða við verkið.
- Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.

¹ Lög nr. 7/1998, 40. gr.

- j. Áætlun um meðhöndlun úrgangs þar sem fram koma meðal annars upplýsingar um tegund úrgangs, mögulega endurnotkun innan framkvæmdasvæðis eða annars staðar og móttökuaðila þess úrgangs sem ekki er mögulegt að endurnota.

Óheimilt er að hefja jarðborun hafi hún ekki verið tilkynnt. Umhverfis- og orkustofnun staðfestir móttöku tilkynningar.²

3 Skráning í borholuskrá

Við jarðboranir sem framkvæmdar eru samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þar með taldar jarðboranir landeiganda, skal skrá upplýsingar um staðsetningu borholunnar, jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar er kveðið á um í reglum Umhverfis- og orkustofnunnar um borholur.³

Skylt er að skrá allar borholur í borholuskrá eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið.⁴

4 Framkvæmdasvæði

4.1 Verndun umhverfis

Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir óæskileg eða óafturkræf áhrif á umhverfi og lífríki af völdum starfseminnar.⁵

Koma skal fyrir viðeigandi mengunarvarnarbúnaði vegna starfsemi á framkvæmdarsvæðum jarðborsins eða sjá til þess að viðeigandi búnaður sé til staðar, þ.m.t. búnaður til að hreinsa borsvarf, skolvatn og önnur efni sem koma upp á yfirborð við jarðborun. Tryggja skal að svarfþró sé nægilega stór og viðstöðutími sé nægilegur til lækkunar á hitastigi og útfellingar á seti.⁶

Losun á borsvarfi, borefnum og óhreinsuðum skolvökva á yfirborð er óheimil. Losun jarðhitavökva á yfirborð er óheimil. Verði ófyrirséð losun á yfirborð skal tilkynna hana strax til Umhverfis- og orkustofnunnar. Rekstraraðili skal sjá um að slík losun standi yfir í sem skemmstan tíma, valdi sem minnstum áhrifum á umhverfi og lífríki og myndi hvorki

² Rg. nr. 550/2018, 13. gr. a

³ Lög nr. 57/1998, 22. gr., [Reglur um borholur — Umhverfis- og orkustofnun](#)

⁴ Lög nr. 57/1998, 22. gr.

⁵ Lög nr. 7/1998, 38. gr.

⁶ Lög nr. 7/1998, 38. gr.

varanlegar tjarnir né læki á yfirborði. Rekstraraðili skal lagfæra þær skemmdir á gróðri og umhverfi sem verða við losunina.⁷

Losun skolvökva í viðtaka eða fráveitu án undangenginnar hreinsunar er óheimil.⁸ Losun jarðhitavökva í viðtaka eða fráveitu án kælingar er óheimil. Hitastig viðtaka má ekki hækka um meira en 2°C vegna losunar.⁹

Losun sem tengist starfsemi jarðbors má ekki leiða til rýrnunar vatnsgæða og eða valda því að ástandi nærliggjandi vatnshlota hraki, samanber ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

4.2 Varnir gegn olíumengun

Rekstraraðili skal ganga þannig frá olíubirgðum og olíuúrgangi að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Nota skal fullnægjandi mengunarvarnarbúnað við meðhöndlun olíu. Eftir því sem við á skal framkvæmdasvæðið í heild eða hlutar þess lagt olíuheldum jarðvegsdúk með afrennsli tengdum við olíuskilju.¹⁰ Ísogsbúnað og/eða ísogsefni skal hafa til taks á verkstað og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa.¹¹

Fari jarðborun fram á svæði í flokki A, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að gera kröfu um tvöfalda olíugeyma eða viðeigandi lekavarnir. Tvöfaldur olíugeymir með lekaviðvörðunarbúnaði telst vera olíugeymir í lekavörn.¹²

Rekstraraðili skal tryggja öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir við rekstur og notkun lausageymis.¹³

4.3 Úrgangur og spilliefni

Meðferð úrgangs, olíuúrgangs og spilliefna skal vera samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á.

Heimilt er að endurnýta ómengaðan óvirkan jarðvegsúrgang, svo sem borsvarf, eins og kostur er í frágang innan svæðis, í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunnar um endurnýtingu úrgangs í fyllingar.¹⁴

⁷ Lög nr. 7/1998, 38. gr.

⁸ Rg. nr. 796/1999, 17.1 gr.

⁹ Rg. nr. 1450/2025, Viðauki VII, B.

¹⁰ Rg. nr. 884/2017, 50. gr.

¹¹ Rg. nr. 884/2017, 63. gr.

¹² Rg. nr. 884/2017, 6. gr., 25. gr.

¹³ Rg. 884/2017, 43. gr.

¹⁴ Lög nr. 7/1998, 38. gr., rg. 803/2023, 9. gr. [Endurnýting úrgangs í fyllingar](#)

Úrgangsefni úr hreinsibúnaði skal flytja til förgunar á móttökustaði með starfsleyfi fyrir móttöku á slíkum úrgangi.¹⁵

5 Svæði sem njóta sérstakrar verndar

Rekstraraðili skal gæta sérstakrar varúðar ef jarðborun fer fram innan svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, skipulagsáætlunum eða opinberum verndaráætlunum og ber að fara eftir ákvæðum þeirra laga, skipulagsáætlana, verndaráætlana og samþykktar sveitarfélaga sem gætu átt við á þeim svæðum þar sem jarðborun fer fram.

Berist olía út í umhverfið á friðlýstu svæði eða á vatnsverndarsvæði skal þegar í stað upplýsa Umhverfis- og orkustofnun um atvikið.¹⁶

5.1 Vatnsverndarsvæði

Ráðstafanir á verndarsvæðum til verndar vatnsgæðum skulu ávallt miðast við ströngustu skilyrði sem gilda til viðhalds náttúrulegu ástandi vatns.¹⁷ Rekstraraðili skal kynna sér ákvæði í samþykktum sveitarfélaga um verndun neysluvatns og fara eftir þeim ákvæðum sem kunna að eiga við um jarðborun.¹⁸

Geymsla á olíu í lausageymi er óheimil innan brunn- og grannsvæðis vatnsverndar, nema í skamman tíma í einu og að því gefnu að öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir séu tryggðar. Óheimilt er að setja olíu á lausageymi og tæki innan skilgreindra vatnsverndarsvæða nema að fenginni heimild Umhverfis- og orkustofnunar.¹⁹

Allar vélar og búnaður sem knúin eru jarðefnaeldsneyti og/eða eru með vökvabúnaði sem inniheldur olíur og eru notuð innan skilgreindra brunn- og grannsvæða vatnsverndar skulu hafa staðist þéttleikaprófun hjá viðurkenndum skoðunaraðila áður en þau koma inn á svæðið. Skoðunarvottorðið skal ekki vera eldra en 12 mánaða. Jafnframt skal yfirfara og lekaskoða allan búnað sem inniheldur olíur með reglubundnum hætti á meðan hann er í notkun innan vatnsverndarsvæðis.²⁰

5.2 Menningarminjar

Komi í ljós menningarminjar sem rekstraraðila var ekki kunnugt um áður en jarðborun hófst, skal gera hlé á verkinu og tilkynna um fundinn til Minjastofnunar.²¹

¹⁵ Rg. nr. 803/2023, 9. gr.

¹⁶ Rg. 884/2017, 59. gr.

¹⁷ Rg. 796/1999, 14.1. gr.

¹⁸ Rg. 796/1999, 12.1. gr.

¹⁹ Rg. 884/2017, 43. gr., 57. gr.

²⁰ Rg. 796/1999, 14.1. gr.

²¹ Lög nr. 80/2012, 26. gr.

6 Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

Ef búnaður sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir er notaður í starfseminni, skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, reglugerðar nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og efnalögum nr. 61/2013.

7 Fráveitur

Fráveita og hreinsun skólps frá starfseminni skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns séu uppfyllt.